

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær

Reykjavík, 2. febrúar 2024
UST202312-240/P.V.B.
09.04.00

Efni: Leyfi til framkvæmda á friðlýstum svæðum-Vestfjarðavegur (60) um Dynjandisheiði 3. Áfangi, Þverá að Búðavík

Umhverfisstofnun hefur móttækið umsókn Vegagerðarinnar, dagsett, 22. desember 2023, um leyfi til framkvæmda innan náttúruvættisins Dynjanda.

Dynjandi er friðlýstur sem náttúruvætti sbr. [auglýsing nr. 348/1971](#). Mannvirkjagerð og jarðrask, svo og aðrar breytingar á landi eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til uppbyggingar Vestfjarðarvegar (vegnúmer 60) um Dynjandisheiði frá Þverá við Rjúpnabeygju að Búðavík í Arnarfirði ásamt nýrri tengingu og endurbyggingu vegar að bílastæðum við Dynjandisfoss. Jafnframt verður byggð ný brú yfir Dynjandisá. Með umsókn fylgdi yfirlitsuppdráttur vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar sem sýnir eldra vegstæði, fyrirhugað vegstæði, skeringar, fláa, staðsetningu keðjuplans, staðsetningu bannsvæða vegna fornminja og staðsetningu náma. Vegirnir verða gerðir samkvæmt vegflokk C8 sem er 8,0 m breiður vegur með 7,0 m breiðri akbraut og 0,5 m breiðum öxlum hvorum megin. Vegurinn yrði með bundnu slitlagi og uppbyggður með tilliti til snjóá. Áætluð efnispörf vegna framkvæmdarinnar yrði um 640 þúsund m³. Efni yrði tekið úr skeringum í og meðfram fyrirhuguðum vegi ásamt tilgreindum námum í grennd við vegstæðið sem staðsettar verða utan náttúruvættisins. Til að draga úr sjónrænum áhrifum verða efnistökusvæðin löguð sem best að óhreyfðu landi við frágang. Við framkvæmdir verður reynt að raska gróðri og jarðvegi sem minnst. Skeringar og námur verða ekki hafðar opnar lengur en nauðsyn krefur. Vandað verður til frágangs þeirra svæða sem raskað verður við vegagerð og efnistöku. Frágangi verður hagað þannig að ekki myndist vindálag á lausan jarðveg. Röskuð svæði verða sléttuð í samræmi við landslag og halla umhverfis þannig að þau falli sem best að umhverfi sínu. Halli fláa á grónum svæðum mun ekki verða brattari en 1:2 og þannig verður reynt að tryggja að náttúrulegur gróður geti náð sér á strik. Brúnir efnistökusvæða og skeringar verða aðlagðar að landinu í kring og gerðar ávalar. Í útboðsgögnum verður greint frá hvernig haga skuli frágangi vegkanta, fyllinga, skeringa og náma. Við frágang verður þess gætt að ekki myndist tjarnir í skeringum. Allur frágangur verður í samráði við landeigendur og eftirlitsaðila frá Umhverfisstofnun.

Ekki verður ráðist í uppgræðslu á efnistökusvæðum eða skeringum ef landið í kring er ógróið eða þar sem æskilegt væri að náttúruleg gróðurframvinda verði látin ráða. Miðað verður við að vegsvæði og námur á grónum svæðum verði grædd upp. Við uppgræðsluna verður leitast við að ná upp grenndargróðri. Svarðlag og jarðvegur sem ýtt verður til hliðar áður en efnistaka hefst verður nýttur til að endurheimta þann gróður sem fyrir var auk þess sem sáning og áburður verða notuð eftir atvikum. Sáð verður gróðurtegnum sem henta fyrir svæðið og skera sig ekki úr umhverfinu. Þar sem kjarri eða skóglendi verður raskað verður það ræktað upp að nýju. Miðað er við að kjarr verði endurheimt að lokinni lagningu vegarins á svæðum sem eru utan 1,5 m fjarlægðar frá axlarkanti, eða 5,5 m frá miðlínu vegar. Uppgræðsla mun fara fram í samráð við Umhverfisstofnun, Land og Skóg og viðkomandi landeigendur um fyrirkomulag uppgræðslu, m.a. staðarval og uppgræðsluaðferðir. Ráðgert er að aðferðir við uppgræðslu náma og vegsvæðis muni m.a. fara eftir ríkjandi gróðurfari á svæðinu, jarðvegi, hæð yfir sjó og hvernig jarðmyndun er á svæðinu. Við Búðavík í Arnarfirði eru fornleifar og verður óheimilt að raska því svæði. Vegagerðinn mun hafa samráð við Náttúrustofu Vestfjarða og Náttúrufræðistofnun Íslands um starfsreglur varðandi tilhögun framkvæmda í grennd við arnarhreiður og æðarvarp. Lagt hefur verið mat á umhverfisáhrif framkvæmdarinnar og lá álit Skipulagstofnunar fyrir 3. júlí 2020. Fyrirhugð framkvæmd er í samræmi við aðalskipulag Ísafjarðarbæjar. Áætlað er að framkvæmdir hefjist 2024 og taki um 2-3 ár.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur að framkvæmdin muni óhjákvæmilega hafa neikvæð áhrif á náttúrufræðisvæðisins á framkvæmdartíma. Með vönduðum frágangi og beitingu þeirra mótvægisáðgerða sem lýst er í umsókn telur stofnunin að um skammtímaáhrif verði að ræða. Framkvæmdin hefur ekki neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins og aðkoma að þjónustusvæði við Dynjanda verður stórlega bætt. Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin muni hafa truflandi áhrif á þá gesti sem sækjast eftir því að skoða Dynjanda meðan framkvæmdir fara fram á Dynjandisvegi og við brú yfir Dynjandisá. Stofnunin metur að sé hægt að skipuleggja framkvæmdartíma þess hluta framkvæmdarinnar sem á við um Dynjandisveg og brúargerð yfir Dynjandisá þannig að farið verði í hana utan hánnatíma ferðamanna á Vestfjörðum, verði hægt að stýra þessari truflun þannig að hún hafi áhrif á færri gesti en fleiri og verði þannig ásættanleg.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Vegagerðinni fyrir sitt leyti leyfi til framkvæmda innan náttúruvættisins Dynjanda sbr. lýsingu hér að ofan og gildir leyfið frá dagsetningu þessa bréfs til 31. desember 2026 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.

- Koma skal fyrir merkingum á framkvæmdarstað þar sem tilgreindur er framkvæmdartími og bent á hjáleidir ef við á.
- Haga skal tímasetningu framkvæmda við veg að Dynjanda og nýtt brúarstæði yfir Dynjandisá við þjónustusvæðið á þann hátt að þær séu ekki yfirstandandi þegar gestaálag við fossana er mest yfir sumartímamann eða frá miðjum maí, fram í miðjan september.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Þar sem nýframkvæmdir við veg að Dynjanda og brúarstæði tengjast innviðum Umhverfisstofnunar við bílastæði þarf að huga að því að hið gamla verði saumað við hið nýja með vönduðum frágangi þannig að ásýnd spillist ekki.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast og um leið afmá öll ummerki framkvæmdanna.
- Vegskeringar innan svæðisins verði mótaðar/hannaðar þannig að þær falli sem best að landi og útfærsla þeirra verði í samráði við Umhverfisstofnun en tilviljanir ráði því ekki hvernig endanlegt útlit þeirra verði.
- Efni sem fæst úr skeringum innan náttúruvættisins skal eingöngu nýtt í framkvæmdir á þeim vegkafla sem sótt er um leyfi fyrir.
- Mold er af skornum skammti á svæðinu. Halda skal mold af framkvæmdarsvæðinu til haga og nýta hana í frágang þar sem best nýtist eins og lýst er í umsókn.
- Græða skal upp jafn mikið svæði og tapast undir nýtt vegstæði.
- Búa skal í haginn fyrir uppgræðslu trjágróðurs þar sem við á t.d. með dreifingu svarðlags eða flutningi gróðurs í nægjanlega þykkum torfum af röskunarsvæði og til baka að framkvæmdum loknum, eins fljótt og unnt er til að tryggja betri lifun gróðurs.
- Við endurheimt gróðurs á röskuðum svæðum skal nota staðargróður. Þar sem birki er gróðursett eða fræjum dreift skal nota birki af svæðinu.
- Óheimilt er að raska grónum svæðum á varptíma fugla frá maí til júní.
- Aflagður vegur innan friðlandsins sem ekki verður nýttur áfram skal afmáður. Þar sem afmáðir vegir liggja um kjarr skal græða sárið í gróðurþekjuni upp með birki.
- Framkvæmdaraðili skal gæta þess í hvívetna að missa ekki niður jarðveg eða efni þegar vegskeringar eru teknar, einkum þar sem gróðurþekja og bratti er til staðar. Ef það hendir, mælist Umhverfisstofnun til þess að efnið verði sótt, sé það mögulegt án þess að skerða gróður eða raska svæðinu frekar.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal það afmáð.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask utan framkvæmdarsvæðis og þess skal gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Einungis skal aka vélknúnum farartækjum vegna framkvæmdarinnar að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.

- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.
- Staðsetning mannvirkja og uppsetning salernisaðstöðu á framkvæmdatíma skal ekki vera innan marka hins friðlýsta svæðis.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags þarf fyrir verkefninu.

Leyfi Minjastofnunar þarf fyrir verkefninu ef friðlýstar fornminjar eru innan 100 metra frá framkvæmdarsvæðinu. Ef um er að ræða aðrar fornminjar sem eru friðaðar þarf leyfi Minjastofnunar ef minjarnar eru innan 15 metra frá framkvæmdarstað nema annað sé ákveðið.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að leyfið nær eingöngu til lagningar vegarins á þeim vegkafla sem sótt er um. Ef verktaki fyrirhugar er að setja upp vinnubúðir, athafnasvæði og aðra aðstöðu þarf viðkomandi að sækja um það til Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun mælist til þess að það verklag sem viðhaft hefur verið í fyrri áföngum varðandi aflagða vegbúta, verði áfram viðhaft í þessum áfanga. Að allir vegstubbar séu teknir, mokaðir upp og efni notað í fláafleyga eða annað þar sem það nýtist. Það bætir nágrenni vegarins mikið og ásýnd svæðisins. Ekki er ljóst hvernig vegbútur gamla vegarins sem ná mun frá Dynjandisvegi að Búðavík gæti nýst sem göngu- og reiðleið þar eð hann tengist ekki stærra neti innviða og göngufólk myndi því að óbreyttu þurfa að fara yfir tvær brýr á tengivegi inann svæðis þar sem umferð bæði rúta og smærri farartækja er mikil á álagstíma á sumrin. Ef niðurstaðan verður sú að mjókka gamla veginn að Búðavík í göngustíg skal tekið fram að trauðla þarf að gera ráð fyrir umferð reiðmanna m.t.t. umhverfissins og skorti á aðliggjandi tengingu við lengri leiðir. Umhverfisstofnun óskar áfram eftir nánu samráði hvað allan frágang aflagðra vega varðar, að teknu tilliti til rafstrengja sem gæta þarf að. Enn fremur þarf að taka tillit til sjónarmiða Minjastofnunar m.t.t. þess að innviðirnir munu leiða að minjasvæði í Búðavík.

Sumarið 2023 fundust minjar um landnámsskála við norðanverða ósa Svínár. Í ljósi þess að um áður óþekktar fornleifar er að ræða og nálægð þeirra við framkvæmdasvæðið er nokkurt bendir Umhverfisstofnun á að nauðsynlegt er að hafa samráð við Minjastofnun Íslands. Skálinn er staðsettur í grennd við stöðvar 200-300 á vegi að bílastæðum við Dynjanda. Eðli málsins samkvæmt var ekki tekið tillit til minjanna í frummatsskýrslu, álit

Skipulagsstofnunar eða umsögnum Minjastofnunar og þær koma ekki fyrir í umsókn Vegagerðarinnar.

Umhverfisstofnun bendir á að mögulega væri rétt að endurskoða staðsetningu áningarstaðar ofan Kálfeyrarfoss í Dynjandisá, utan hins friðlýsta svæðis. Ferðafólk sem kemur að Dynjanda ofan frá gengur iðulega niður meðfram Dynjandisá sunnanverðri neðan Þjóðveggar. Enn fremur er það útsýni á fossa við vatnið austan Þjóðveggar sem ferðafólk sækir í. Ef aðrir þættir hamla því ekki myndi hnikun áningarstaðarins bæta framtíðar umferðaröryggi þar sem gera má ráð fyrir gangandi umferð í nágrenni hans.

Stofnunin óskar eftir svipuðu fyrirkomulagi og því sem Vegagerðin hefur viðhaft með góðum árangri í fyrri áfögnum heildarframkvæmdar samgöngubóta um Dynjandisheiði hvað varðar samtal og samráð um vafaatriði eða útfærslur einstakra þátta, með tilliti til frágangs og ásýndar hins friðlýsta svæðis.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. **76.000**. sbr. 29. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 206/2023.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Sigrún Ágústsdóttir
forstjóri

Edda Kristín Eiríksdóttir
sérfræðingur